



Örtölvur - IBM PC -

IBM Personal Computer braut blað í tölvuþróuninni þegar hún var sett á markað 12.ágúst árið 1981. Tölva sú var þróuð og hönnuð af IBM Entry Level Systems í Boca Raton í Flórída í Bandaríkjunum og sett á markað 12.ágúst árið 1981. IBM hafði nánast eingöngu verið á fyrirtækjamarkaði fram að þeim tíma. Þá voru stórtölvur (mainframe) og miðtölvur (midrange computers) allsráðandi á markaðnum, en PC tölvur flokkuðust undir örtölvur (microcomputers). Árin á undan allt frá 1975 hafði IBM þróað tölvur sem falla undir flokkinn Örtölvur og hlutar af þeirri þróun var notað við gerð IBM PC tölvunnar.

Fyrsta IBM PC tölvan sem kom til Íslands var keypt af Ottó A. Michelsen forstjóra IBM á Íslandi. Hún kom til landsins í febrúar 1982 í farteski Jóhanns Gunnarssonar, deildarstjóra tæknideildar IBM. Jóhann er í dag formaður Öldunga-deildar Skýrslutæknifélagsins.

Hjartað í **IBM PC General** tölvunni var Inte18088 örgjörvinn frá Intel. Hann hafði 4,77 megariða tiftíðni og tengdist 8 bita tengibraut. Stýrikerfi **IBM PC** nefndist DOS (Disk Operating System), sem var útvegað af fyrirtækinu Microsoft.

"Pésinn" stækkaði fljótlega og 1983 kom út gerðin **PC/XT** sem hafði harðan 10 MB disk. Skömmu síðar (1984) kom miklu öflugri vél, en það var **PC/AT** með 80286, 6 megariða gjörva, sem tengdist 16 bita tengibraut.

Árið 1987 setti IBM á markaðinn nýja línu tölva er nefnd var **IBM Personal Systems/2 (PS/2)** og var með nýrri högun gagnabrautar (Micro Channel Architecture og einnig setti fyrirtækið á markaðinn nýtt stýrikerfi er nefnt var OS/2. OS/2 var þróað í samvinnu IBM og Microsoft en árið 1990 slitnaðu upp úr samstarfi fyrirtækjanna. Microsoft kynnti fljótlega Windows NT sem var að hluta byggt á OS/2 en IBM hélt áfram að þróa og selja OS/2 allt til ársins 2005 er það var tekið af markaði.

Fyrsta **IBM Laptop** tölvan kom á markaðinn 1986 **IBM PS/1** árið 1990 og síðan kom **IBM ThinkPad** tölvan á markaðinn 1992.

IBM hélt áfram að þróa örtölvulínu sína og 1994 kom Aptiva á markaðinn en hún var arftaki PS/1 tölvunnar. **IBM xSeries** kemur fram árið 2000 og **IBM ThinkCentre** árið 2003.

Árið 2004 selur IBM alla PC framleiðslu fyrirtækisins til fyrirtækisins Lenovo en það fyrirtæki hafði um nokkur skeið framleitt tölvurna fyrir IBM. Lenovo framleiðir áfram fyrir IBM tölvur sem seldar eru undir nafni IBM.

Með sama hætti og miðtölvur höfðu mikil áhrif á þróun tölvuvæðingarinnar hjá fyrirtækjum má segja að örtölvurnar s.s. **IBM PC** hafi haft í för með sér sprengingu í tölvunotkun einstaklinga og smærri fyrirtækja. Þegar Internetið eins og við þekkjum það í dag varð aðgengilegt fyrir einstaklinga um og eftir 1990 urðu þær enn mikilvægari í daglegu lífi alls almennings.

